



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 26/2014

Notkun á heitinu Eignamat

I.

Erindið

1.

Þann 28. febrúar 2013, barst Neytendastofu erindi Þórðar Árnasonar þar sem kvartað var yfir notkun Eignamats ehf. á heiti félagsins. Taldi kvartandi notkunina brjóta gegn betri rétti sínum til heitisins. Kvartandi reki fyrirtækið Bjarnarás ehf. sem m.a. hafi sérhæft sig í að meta fasteignir.

Þann 12. janúar 2007, hafi kvartandi skráð lénið eignamat.is og stofnað það hjá ISNIC. Lénið hafi síðan verið í notkun hans þar sem hann hafi haldið úti vefsíðu vegna þeirrar starfsemi sem þar sé kynnt. Á þeim tíma hafi ekki verið vitað um neinn sem notað hafi þetta nafn.

Eftir að ítrekuð símtöl hafi borist vegna innheimtumála hafi kvartandi komist að því annar aðili væri með nafnið í notkun, þ.e. Eignamat ehf. Það félag hafi fengið skráða kennitölu og við nánari athugun hafi félagið áður borið nafnið Asset ehf. á árunum frá 2009 til 2010 en á árunum 2011 og 2012 hafi nafnið Eignamat ehf. komið til. Aðalskráning félagsins sé bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæða en þá sé félagið einnig skráð sem fasteignamiðlun. Aðalskráning félagsins sé rekstur sem sé á svipuðum grunni og rekstur kvartanda sem sé starfsemi matsmanns á fasteignasviði. Báðir aðilar geti því talist vera ráðgjafar þeirra sem eigi fasteignir.

Af þessum skráningum megi sjá að eignamat.is hafi verið skráð um fjórum árum fyrr en Eignamat ehf. hafi hafið starfsemi. Kvartandi telji sig eiga réttmæta kröfu á því að hafa heitið óáreittur þar sem allt sem hann geri undir sínu heiti, þ.e. að auglýsa og kynna starfsemi sína, verði blandað saman við starfsemi Eignamats ehf. Það geti valdið kvartanda skaða ef annar geti notað nafnið samtímis.

Núverandi staða sé til þess fallin að valda ruglingi milli aðila. Að fleiri en einn aðili skuli nota sama nafnið sé villandi fyrir neytendur. Telji kvartandi að um brot geti verið að ræða gegn



ákvæðum 5. gr., 8. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Óski kvartandi eftir því að Neytendastofa hlutist til um leiðréttingu þar sem kvartandi hafi skráð heitið fyrstur og óski eftir því að fá að halda heitinu óáreittur.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Þórðar var sent Eignamati til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 20. mars 2013. Þar sem engin svör bárust ítrekaði stofnunin beiðni um skýringar eða athugasemdir með bréfi, dags. 10. apríl 2013.

Þann 29. apríl 2013, barst Neytendastofu tölvubréf Eignamats þar sem fram kom að Eignamat væri skráð hlutafélag hjá hlutafélagaskrá og var Neytendastofu bent á að hafa samband við þá stofnun teldi hún skráningu Eignamats að einhverju leyti ábótavant.

2.

Þann 28. maí 2013, sendi Neytendastofa Eignamati bréf þar sem fram kom að stofnuninni þótti rétt að benda á að hún sinni ekki kvörtunum vegna skráninga á félögum sem slíkum. Sé meðferð slíkra kvartana í höndum fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra. Neytendastofa fari m.a. með framkvæmd laga nr. 57/2005. Í erindinu komi fram sú afstaða kvartanda að notkun Eignamats á heitinu Eignamat varði við 5. gr., 8. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005. Hafi stofnunin óskað eftir skýringum eða athugasemdum Eignamats við ofangreindri háttsemi með tilliti til þeirra lagaákvæða sem vísað væri til.

Óskaði Neytendastofa af þeim sökum aftur eftir skýringum eða athugasemdum Eignamats við erindið, með tilliti til ofangreindra lagaákvæða. Þyrftu slíkar skýringar að berast stofnuninni innan tíu daga. Að öðrum kosti mætti búast við að málið yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu á grundvelli þeirra gagna sem lögju fyrir í málinu.

3.

Þar sem engar skýringar bárust sendi Neytendastofa aðilum málsins bréf, dags. 26. júlí 2013, þar sem tilkynnt var að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi upptalning á gögnum málsins.



III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu er um að ræða kvörtun Þórðar Árnasonar vegna notkunar Eignamats ehf. á heitinu Eignamat. Telur Þórður notkunina varða við 5. gr., 8. gr., og 15. gr. a laga nr. 57/2005 þar sem hann njóti betri réttar í ljósi þess að hann hafi hafið notkun á heitinu fyrr. Telur Þórður sig hafa orðið af viðskiptum vegna notkunar Eignamats á heitinu og að þó nokkur ruglingshætta sé til staðar milli aðila þar sem þeir starfi á sama markaði og fáist við sambærileg verkefni.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í V. kafla er að finna ákvæði sem fjalla um háttsemi milli fyrirtækja. Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarkerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og



vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Varðandi skráningu beggja aðila má sjá að lénið eignamat.is er skráð á nafn Þórðar Árnasonar, með þar til bærum hætti hjá ISNIC og hefur verið þar skráð frá 12. janúar 2007. Af fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra má hins vegar sjá að félagið Eignamat ehf. hefur verið þar skráð frá 29. janúar 2009. Neytendastofa telur báða aðila því eiga rétt til auðkenna sinna. Samkvæmt því kemur 2. másl. 15. gr. a til álita í málinu.

Meginreglan er sú að eigandi auðkennis öðlast einkarétt til þess og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að auðkennið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður.

Aðilar eru keppinautar á markaði þar sem báðir framkvæma mat á fasteignum af einhverju tagi. Kemur því til skoðunar hvort kvartandi geti notið einkaréttar á orðinu Eignamat og hvort notkun Eignamats ehf. á heitinu valdi ruglingshættu milli aðila.

Ef litið er til orðasambandsins *Eignamat* þá er næsta víst hvaða þjónusta sé í boði hjá fyrirtæki sem ber það nafn, þ.e. einhverskonar mat á eignum, þ.m.t. fasteignum. Vísar orðasambandið því sérstaklega til þeirrar þjónustu sem í boði er hjá hvorum aðila. Getur Neytendastofa af þeim sökum fallist á að ruglingshætta sé til staðar milli aðila. Að mati Neytendastofu er orðasambandið lýsandi og einkennandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna þar sem orðasambandið er almennt og lýsir sérstaklega þeirri þjónustu sem aðilar bjóða. Að mati Neytendastofu felur það ekki í sér nægilegt sérkenni til þess að Eignamati verði bönnuð notkun heitisins. Á því hvor aðili rétt á notkun á sínu heiti.



Með vísan til ofangreinds telur Neytendastofa að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Er það því mat stofnunarinnar að ekki sé ástæða til aðgerða af hennar hálfu í máli þessu.

**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 28. maí 2014

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir